

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1860.
31. maí.
norður- og austurumdæminu, um gjaldfrest á láni,
er jafnaðarsjóði amtsins hafði verið veitt.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 30. septemberm. f. á. farið þess á leit, að dómsmálastjórnin útvegi fyrst um sinn frest á borgun þeirra 1333 rdl. 32 sk., sem samkvæmt fjárukalögum 29. desemberm. 1857, 3. gr., 7. tölul., voru greiddir jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, sem lán úr jarðabókarsjóði Íslands vegna fjárkláðans.

Útaf þessu sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til frekari framkvæmdar, að dómsmálastjórninni ekki þykir vera ástæða til að biðja ríkisþingið um lengri gjaldfrest á láni þessu, og það því síður, sem nú er mjög vel ástatt í norður- og austurumdæminu að því leyti, er fjárkláðann snertir, eptir skýrslum þeim, er þér hafið hingað sent; svo er það og eigi mikið fê, sem hér er um að ræða. Dómsmálastjórnin verður því að bjóða yður nákvæmlega að annast um, að lánið verði endurgoldið jarðabókarsjóðnum, þó rentulaust, á yfirstandandi fjárhagsári, samkvæmt fjárlögunum fyrir árið 18⁶⁰/₆₁ (smbr. athugasemdirnar við frumvarpið til laga þessara, við 4. gr. A. 4.).

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 31. maí.
norður- og austurumdæminu, um styrk til að ala
upp svín.

Með bréfi 16. desemberm. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af bænarskrá, er yður barst frá A. Sæmundsen, umboðsmanni vesturhluta Munkaþverárklausturs, um það, að tveim af landsetum klausturs þessa, Bjarna Davíðssyni á Snæbjarnarstöðum og Guðmundi Davíðssyni í Hjaltadal, verði hvor-um fyrir sig úr almennum sjóði veittur styrkur til að kaupa tvo grísa, eitt karldýr (gölt) og eitt kvenndýr (gyltu), til þess að gjöra tilraun með að ala upp svín til sveita á Íslandi; og

1860. hafið þér stungið upp á, að þeim í þessum tilgangi yrði veittur
31. maí. 60 ríkisdala styrkur úr umboðssjóðnum.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að þareð hinn svo nefndi umboðssjóður ekki er eiginlegur sjóður útaf fyrir sig þannig, að honum verði varið til sèrstaklegra fyrirtækja, og í raun og veru ekki annað en sá hluti af umboðstekjum ríkissjóðsins, sem á ýmsum tímum er í vörzlum hlutaðeiganda umboðsmanns, getur stjórnin ekki, án þess fyrir því sè heimild í fjárhagslögunum, veitt það, sem um er beðið, á þann hátt, er þér stingið upp á; en þar á móti er frá stjórnarinnar hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að fè það, er um var getið, verði greitt úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, ef hann er fær um að bera slíkt gjald.

2. júní. **30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferðir.¹**

Af skýrslu einni, er hingað hefir borizt frá stiptamtmaninum yfir Íslandi, sèst, að hinn síðasti norðanpóstur (og einnig vestanpósturinn) hafa ekki komið til Reykjavíkur fyr en 12. dag fyrra mánaðar, og að af því hefir leitt, að bið hefir orðið á, að gufuskipið kæmist af stað; hefir útgjörðarmaður skipsins krafizt skaðabóta fyrir bið þessa, samkvæmt 4. gr. í samningi þeim, er við hann hefir verið gjörður, og 3. athugasemd við áætlunina um ferðir skipsins²; en eptir því, sem þar er ákveðið, áttu póstbréf að vera tilbúin í Reykjavík þegar 6. dag maímánaðar.

Dómsmálastjórninni þykir þess vegna vera ástæða til að skora á yður, herra amtmaður, um að gæta þess nákvæmlega, að norðanpósturinn fari svo snemma af stað, að hann geti komizt til Reykjavíkur fyrir þá daga, sem til tekið er í áætluninni um gufuskipsferðirnar, að skila skuli póstskipsbrèfunum.

1) Amtmanninum í vesturumdæminu var sama dag skrifað brèfsama efnið, viðvíkjandi vestanpóstinum.

2) Samningurinn við útgjörðarmann gufuskipsins og áætlun um ferðir þess er prentað hér að framan, bls. 327—330.